

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 45/2024

2024/EES/52/02

frá 15. mars 2024

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2419 frá 18. október 2023 um merkingar á lífrænt framleiddu gæludýrafóðri ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta 49. liðar (fallinn brott) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„**32023 R 2419:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2023/2419 frá 18. október 2023 um merkingar á lífrænt framleiddu gæludýrafóðri (Stjtið. ESB L, 2023/2419, 27.10.2023).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2023/2419, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. mars 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. mars 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2419, 27.10.2023.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.